

Vatnsöflun Laxós, Árskógssandi.



Mynd 7. Á svæði A verður niðurgrafni drenlögð í malarjarðveg við árbakkann. Blá punktalína táknar niðurgrafna vatnslög (Peh rör 200 – 300 mm) sem mun næra bæði seiða- og sjógönguseiðadeild með fersku vatni.

Gert er ráð fyrir að allt ferskvatn komi úr landi Dalvíkurbyggðar sem nær um 1.5 km frá strönd og ósum Þorvaldsdalsár og upp með ánni að vestanverðu, en þar fer land hæst 25 til 30 m yfir sjávarmál.

Gert er nánar ráð fyrir að öflun á fersku vatni fari fram á svæði sem merkt eru „A“, Mynd 7,. Á svæði „A“ verði sett niður drenlögð í malarjarðveg nálægt ánni en á þessu svæði er möl í miklum mæli. Það litla jarðrask sem um ræðir er 15 – 20 m langur skurður sem verður svo lokaður þegar driðið er komið ofan í. Drenlögðin verður sérsmíðað í Slippnum á Akureyri, galvaniserað 14 tommu stálrör með í söguðum 4 mm rifum með ákveðju millibili langs eftir rörunum. Þau verða grafinn niður ásamt vatnssöfnunarbrunni sem þau tengjast við botn hans. Þaðan munu þau liggja u.þ.b. 8 m í hvora átt frá brunnum samhliða ánni. Þannig síast vatnið í gegnum malarjarðveg frá ánni og inn í rörin og þaðan í

brunninn. Úr brunninum liggur svo niðurgrafin vatnslögnin niður í stöð. Þetta er útfærsla sem t.d. Silfurstjarnan í Öxarfirði notar með góðum árangri og hefur gert í áratugi.

Allar vatnslagnirnar verða grafnar í jörðu þannig að þær verða ekki sýnilegar og að framkvæmdum loknum verða lítil ummerki um jarðrask. Frágangur á borholum verður líkt og víða er gert, þannig að það fari sem minnst fyrir þeim og þær verði lítið sýnilegar og lokaðar þannig að t.d. yfirborðsvatn og óhreinindi komist ekki inn í lagnirnar. Lögnin frá „A“ yrði ríflega 1.300 m löng en hæð yfir sjávarmáli er u.þ.b. 24 m á þessu svæði. Vonir eru bundnar við að vatnið náist sjálfrennandi, að öllu- eða mestu leyti, frá svæðinu. Sótt verður um nýtingarleyfi á grunnvatni til Orkustofnunar og þá jafnframt óskað eftir nánari ráðleggingum frá sérfræðingum stofnunarinnar um ofangreindar vatnstökuáætlanir og endanlega skiptingu á milli grunnvatns úr borholum og dren vatns úr ánni.

Við hámarks framleiðslu, 1.200 tonna lífmassa á ári verður meðal heildar rennsli á ári að hámarki 300 l/sek og hönnun vatnskerfisins mun taka mið af því. Þar af er áætlað að 120 l/sek., verði hreinn sjór og 180 l/sek., verði samtals tekið úr borholum og úr ánni.